



Styrkás

Stefna vegna spillingar- og mútumála fyrir samstæðu
Dags. 03.12.2024

Stefna vegna spillingar- og mútumála fyrir samstæðu Styrkáss

Stefna þessi lýsir stefnu og ferli Styrkás hf og dótturfélaga vegna spillingar- og mútumála og er sett af stjórn samstæðunnar.

Styrkás leggur áherslu á að stunda viðskipti af heiðarleika, fagmennsku og sanngirni. Við förum ávallt eftir gildandi lögum og reglum, ásamt almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum, og fylgjum þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Við tökum hvorki við né greiðum neitt sem flokkast getur undir mútur, spillingu, hagsmunaárekstra né óviðeigandi fyrirgreiðslu, hvorki af okkar hálfu né gagnvart okkur.

Styrkás kappkostar að byggja upp traust og áreiðanleika í viðskiptum. Félög samstæðunnar skulu starfa í samræmi við lög og reglur. Við tökum hvorki við né greiðum neitt sem getur flokkast undir óeðlilega ívilnun, mútur eða spillingu. Hins vegar viðurkennum við mikilvægi góðra samskipta og þess að styrkja viðskiptatengsl með félagslegum viðburðum eða annars konar gestrisni. Slík samskipti skulu vera innan eðlilegra marka og laus við viðskiptalegar kröfur eða væntingar. Við eigum ekki viðskipti við aðila sem grunur leikur á að stundi peningapvætti. Öll viðskipti félaga Styrkás skulu tilgreind í reikningum í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og háð endurskoðun.

Skilgreiningar

Mútur og spilling: Allar gjafir, greiðslur eða ívilnanir sem hafa þann tilgang að hafa óeðlileg áhrif á ákvarðanatöku einstaklings eða fyrirtækis. Hins vegar eru félagslegir viðburðir, tækifærisgjafir, viðurkenningar eða gestrisni ekki talin til mútugreiðslna, svo framarlega sem þau eru innan eðlilegra marka.

Hagsmunaárekstrar: Aðstæður þar sem persónulegir, fjárhagslegir eða faglegir hagsmunir gætu haft áhrif á hæfni okkar til að starfa í þágu fyrirtækisins með hlutlausum hætti.

Tilkynningaferli (Uppljóstranakerfi)

Styrkás er staðráðið í því að láta óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast, og það er skylda hvers og eins innan fyrirtækisins að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á siðareglum, stefnum, reglum eða gildandi starfsháttum. Hafi starfsfólk rökstuddan grun um slík brot, ber því að gera viðvart í gegnum eitt af eftirfarandi ferlum:

1. Tilkynning á netinu:

Hægt er að senda ábendingu, nafnlaust eða undir nafni, í gegnum vefslóðina <https://styrkas.tilkynna.is>.

2. Leita til yfirmanna eða stjórnenda:

- Forstöðumanns mannauðspjónustu.
- Næsta yfirmanns eða næsta yfirmanns þar fyrir ofan.
- Forstjóra.
- Formanns stjórnar ef málið varðar forstjóra.
- Varaformanns stjórnar ef málið varðar formann stjórnar.

Allar ábendingar verða teknar alvarlega og rannsakaðar. Forstöðumaður mannauðspjónustu hefur umsjón með tilkynningum sem berast. Starfsfólki verður aldrei refsað, hvorki með beinum né óbeinum hætti, ef það í góðri trú kemur á framfæri ábendingu um rökstuddan grun. Nafnleynd viðkomandi verður tryggð við meðhöndlun slíkra mála.

Viðmið um félagslega viðburði og gestrisni

Til að tryggja gagnsæi og siðferðilega háttsemi skulu félagslegir viðburðir og gestrisni vera innan eðlilegra marka. Í því felst:

Almennir viðburðir: Almenn samskipti, svo sem fundarhöld, viðurkenningar, samfélagslegir viðburðir, boðsferðir eða annars konar samskipti, sem styrkja viðskiptatengsl skulu vera laus við nokkrar viðskiptalegar kröfur eða væntingar.

Gagnsæi og hófsemi: Slík samskipti skulu vera gagnsæ og í samræmi við hefðbundin viðmið um hófsemi, þannig að þau valdi hvorki grunsemdum um óeðlilega fyrirgreiðslu né séu tengd væntingum um gagnkvæmar greiðslur eða ívilnanir.

Gjafir: Gjafir, s.s. tækifærisgjafir vegna hátíða eða tímamóta í samræmi við hefðbundin viðmið, eru leyfðar, svo framarlega sem þær eru gagnsæjar og innan eðlilegra marka. Ef vafi er um heimild til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslu leitum við ávallt álits næsta yfirmanns okkar. Móttaka gjafa frá viðskiptavinum sem er yfir kr. 50 þúsund að verðgildi á ársgrundvelli, er ávallt háð samþykki næsta yfirmanns.

Viðbrögð við brotum

Brot á þessari stefnu geta leitt til viðurlaga, þar með talið uppsagnar, og þar sem við á, tilkynningar til viðeigandi yfirvalda.

Stefna þessi skal vera kynnt starfsfólki innan samstæðu félagsins og gerð aðgengileg á innra vefsvæði félagsins og dótturfélaga þess. Hún skal endurskoðuð af stjórn árlega.

Þannig samþykkt af stjórn Styrkáss þann 03.12.2024